



Menntaskólinn á Akureyri
Schola Akureyrensis

ENSKA 3A040

Vísindaenska
Kennsluáætlun
Haustönn 2012
Ghasoub Abed

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður lögð aukin áhersla á lestur vísindatengdra greina og orðaforði aukinn markvisst. Æfingar verða unnar til að viðhalda málfræðipekkingu og leikni í málnotkun, ritun og tali. Sérhæfðari textar tengdir áhugasviðum nemenda verða lesnir. Lögð verður meiri áhersla á tal en áður og fá nemendur þjálfun í flutningi á töluðu máli. Auknar kröfur verða gerðar varðandi ritunarverkefni og ritgerðir.

Lokamarkmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða;
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega;
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja almennt talað mál, jafnvel þar sem frásögnin er ekki sett skipulega fram;
- lesa margskonar gerðir texta, ekki síst fræðitexta, og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernig gerðar textinn er;
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum;
- geta tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg;
- skrifa margskonar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til

- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni ef hann þekkir vel til þess;
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra;
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt;
- útskýra sjónarmið um efni sem er ofarlega á baugi og rekja ólík sjónarmið með og á móti;
- skrifað margskonar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig og skilja greinilega mun á talmáli og ritmáli.

Námsefni:

- **Horizons** 2012 útgáfa
- **The Faber Book of Science** ed. John Carey

Kennsluhættir:

Farið yfir lesefni og orðaforða í *Horizons* þar sem áhersla er lögð á lesskilning, eflingu orðaforða og málnotkun. Valdir kaflar úr *The Faber Book of Science* verða lesnir vikulega og verkefni unnin úr þeim í tímum.

Námsmat:

1)	Verkefni úr <i>The Faber Book of Science</i>	30%
2)	Rítun og þýðingar	20%
3)	Lokapróf (efni úr <i>Horizons</i>)	50%

Varðandi veikindi, skróp, óstundvísi og almennan misskilning vísast í reglur enskudeildarinnar þar að lútandi sem finna má á Moodle.

Réttur til breytinga áskilinn

Með von um gott samstarf,

Ghasoub Abed
September 2012